

STF-2018-04 Pokastöð Skaftárhrepps

Markmið: Markmið verkefnisins er að efla umhverfisvitund íbúa Skaftárhrepps og stuðla að aukinni endurnýtingu og endurnotkun, í þessu tilfalli textílefna. Langtímamarkmið er að hreppurinn verði plastpokalaus.

Lýsing: Léttir plastpokar eru iðulega notaðir einu sinni en geta dagað uppi í náttúrunni og umhverfinu. Niðurbrot þeirra tekur mörg hundruð ár og hefur verið sýnt fram á að plast er skaðlegt lífríkinu, ekki síst í formi örsmárra plastagna. Það er staðreynd að hægt er að stemma stigu við plastpokanotkun. Á íbúðingum var mikið rætt um náttúruvernd, nýtingu auðlinda og endurvinnslu. Var m.a. ein niðurstaðan að „Leita leiða til fjölbreyttari nýtingar án þess að ganga á það sem fyrir er, sé þess nokkur kostur.“ Áhersla var lögð á að hvers konar nýting verði með sem sjálfbærustum hætti í samfélagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu tilliti og þess ævinlega gætt að sem allra minnst verði gengið á rétt komandi kynslóða. Í niðurstöðum íbúðingum kom einnig fram að íbúar þyrftu frekari aðstoð t.d við flokkun og/eða endurvinnslu sem og áhyggjur yfir því að allt sorp væri urðað. Það er því mikilvægt að draga úr sorpi eins og hægt er og það að draga úr plastpokanotkun er mikilvægt framlag. Verkefnið krefst samvinnu og samkenndar í samfélaginu. Þrátt fyrir að Skaftárhreppur sé fámennur og víðfemur þá er upplýsingaflæði tiltölulega auðvelt og boðleiðir stuttar. Líklegt er að verkefni af þessu tagi eflis samkennd og samstöðu á meðal íbúa. Verkefnið er í anda landsáætlunar um losun úrgangs 2013-2024 þar sem stefnt er að minnka losun úrgangs og auka við endurvinnslu og endurnýtingu. Líklegt er að sú þekking sem skapast hér nýtist öðrum bæjarfélögum.

Verkefninu var úthlutað kr. 300.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.